

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 27. júlí 1970

um samræmingu laga aðildarríkjanna um hljóðmerkjabúnað vélknúinna ökutækja

(70/388/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meðal tæknilegra krafna sem vélknúin ökutæki verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða m.a. hljóðmerkjabúnað.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna, einkum til þess að EBE-gerðarviðurkenningin, sem kveðið var á um í tilskipun ráðsins ⁽¹⁾ frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra, geti átt við allar gerðir ökutækja.

Reglur um hljóðmerkjabúnað ná ekki einungis yfir kröfur um uppsetningu hans í ökutækjum heldur einnig til smíði slíks búnaðar.

Samræmd gerðarviðurkenning fyrir hljóðmerkjabúnað gerir hverju aðildarríki kleift að hafa eftirlit með því að

sameiginleg ákvæði um smíði og prófun séu virt og tilkynna hinum aðildarríkjunum um niðurstöður með því að senda afrit af gerðarviðurkenningarvottorði sem gefið er út fyrir hverja gerð hljóðmerkjabúnaðar. EBE-gerðarviðurkenningarkerki á öllum búnaði sem framleiddur er í samræmi við viðurkennda gerð gerir tæknilegar athuganir á þessum búnaði óþarfar í öðrum aðildarríkjum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríki skal veita EBE-gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir hljóðmerkjabúnaðar sem fullnægja kröfum um smíði og prófun sem um getur í 1. lið I. viðauka.

2. Aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannprófa, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, í samvinnu við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum ef þess gerist þörf, að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Slík sannprófun skal eingöngu felast í skyndikönnunum.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gefa út, til handa framleiðanda eða fulltrúa hans, EBE-gerðarviðurkenningarkerki fyrir hverja gerð hljóðmerkjabúnaðar sem þau viðurkenna samkvæmt ákvæðum 1. gr., sem samræmist fyrirmyndinni sem sýnd er í lið 1.4 í I. viðauka.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir notkun merkja sem kunna að valda því að hljóðmerkjabúnaði sem fengið hefur gerðarviðurkenningu samkvæmt ákvæðum 1. gr. verði ruglað saman við annan búnað.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

3. gr.

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna markaðssetningu hljóðmerkjabúnaðar á grundvelli smíði hans eða virkni ef búnaðurinn er með EBE-gerðarviðurkenningarmerki.

2. Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að aðildarríki geti gripið til slíkra ráðstafana hvað varðar hljóðmerkjabúnað með EBE-gerðarviðurkenningarmerki sem hvað hönnun varðar samræmist ekki viðurkenndri frumgerð.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem það hefur gripið til þegar í stað og tilgreina ástæður fyrir ákvörðun sinni. Ákvæði 5. gr. gilda einnig.

Ekki er um samræmi við viðurkennda frumgerð að ræða, samkvæmt fyrstu undirgrein, séu efri eða neðri mörk sem tilgreind eru í lið 1.2.1.6 í I. viðauka ekki virt.

4. gr.

Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu innan eins mánaðar senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja afrit af gerðarviðurkenningarvottorði fyrir hverja gerð hljóðmerkjabúnaðar sem þau viðurkenna eða neita að viðurkenna.

5. gr.

1. Ef aðildarríki sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu kemst að raun um að hljóðmerkjabúnaður með eins viðurkenningarmerki samrýmist ekki þeirri gerð sem það viðurkendi, skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Lögbær yfirvöld þess ríkis skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem gripið hefur verið til og geta, ef nauðsyn krefur, leitt til afturköllunar á EBE-gerðarviðurkenningu. Umrædd yfirvöld skulu grípa til sams konar ráðstafana berist þeim tilkynning frá lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis um slíkan skort á samræmi.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu innan eins mánaðar tilkynna hvert öðru um sérhverja afturköllun á EBE-gerðarviðurkenningu og um ástæður fyrir slíkum ráðstöfunum.

3. Véfengi aðildarríki, sem veitt hefur EBE-gerðarviðurkenningu, skort á samræmi sem því hefur verið til-

kynnt um skulu hlutaðeigandi aðildarríki leitast við að jafna þann ágreining. Framkvæmdastjórninni skal látin í té vitneskja um málið og skal hún, ef þörf krefur, boða til viðeigandi samráðsfunda til að ná samkomulagi.

6. gr.

Allar ákvarðanir teknar samkvæmt reglum sem samþykktar eru til framkvæmdar ákvæðum þessarar tilskipunar og þar sem synjað er um viðurkenningu fyrir hljóðmerkjabúnað eða hún dregin til baka eða markaðssetning á slíkum búnaði eða notkun bönnuð skal rökstyðja ítarlega. Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi aðila og um leið skulu honum kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjunum og sá frestur sem hann hefur til þess.

7. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki af ástæðum sem varða hljóðmerkjabúnað þess ef búnaðurinn er með EBE-viðurkenningarmerkið og honum komið fyrir í samræmi við kröfurmar í 2. lið í I. viðauka.

8. gr.

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ öll vélknúin ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, á fjórum eða fleiri hjólum og hönnuð fyrir hámarks hraða yfir 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum, landbúnaðartækjum og vélbúnaði til opinberra verklegra framkvæmda.

9. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur I. og II. viðauka að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmæðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar ráðsins frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu

hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

11. gr.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júlí 1970.

Fyrir hönd ráðsins,

W. ARENDT

forseti.

I. VIÐAUKI

1. EBE-GERÐARVIÐURKENNING Á HLJÓÐMERKJABÚNAÐI
- 1.1 Hljóðmerkjabúnaðurinn skal gefa frá sér samfellt hljóð.
- 1.2 Hljóðmerkjabúnaðurinn skal hafa hljóðeðlisfræðilega (tíðnisvið hljóðsins, hljóðstig) og vélræna eiginleika til að standast eftirfarandi prófanir í þeirri röð sem tilgreind er.
 - 1.2.1. *Hljóðstigmælingar*
 - 1.2.1.1 Prófa skal hljóðmerkjabúnaðinn á hæfilega opnu og hljóðlátu svæði⁽¹⁾ (umhverfishávaði og vindgnaud að minnsta kosti 10 db (A) neðan við þann hávaða sem mæla skal) eða í bergmálslausum klefa. Beina skal hljóðnema mælitækisins þangað sem hljóðstigið er hæst og staðsetja hann í 2 m fjarlægð frá framhlið búnaðarins með hljóðnema og búnað í 1,20 m hæð frá jörðu.
 - 1.2.1.2 Framkvæma skal mælingar á A-greiningarkvarða Alþjóðlega raftækniráðsins með hljóðstigmælum í samræmi við gerðina sem lýst er í útgáfu Alþjóðlega raftækniráðsins nr. 179, fyrsta útgáfa (1965).
 - 1.2.1.3 Veita skal 6,5, 13 eða 26 volta spennu á búnaðinn sem mæld er við tengiklemmu raforkugjafans og svarar til 6, 12 eða 24 volta nafnspennu.
 - 1.2.1.4 Mótstaða leiðaranna, þar með talin mótstaða tengiklemma og tengja, skal vera:
 - 0,05 ohm fyrir 6 volta rás
 - 0,10 ohm fyrir 12 volta rás
 - 0,20 ohm fyrir 24 volta rás
 - 1.2.1.5 Setja skal búnaðinn tryggilega upp á undirstöðu sem er að minnsta kosti tíu sinnum þyngri en búnaðurinn og ekki undir 15 kg og nota til þess einingu eða einingar frá framleiðanda.
 - 1.2.1.6 Hljóðstigið skal við ofangreind skilyrði ekki vera yfir 118 dB (A) og ekki undir 105 dB (A).

⁽¹⁾ Fyrirnefnt svæði getur t.d. verið opið rými með 50 m radius þar sem að minnsta kosti 20 m radius í miðjunni er því sem næst jafnslétt með steinsteypu eða malbikuðu yfirborði eða yfirborði úr álíka efni en ekki með lausamjöll, háu grasi, lausum jarðvegi eða ösku. Framkvæma skal mælingar í góðu veðri. Engum nema mælingamanninum sem skráir álestur tækisins er heimilt að vera nærri hljóðmerkjabúnaðinum eða hljóðnemanum þar eð nærvera annarra, annaðhvort við búnaðinn eða hljóðnemann, kann að breyta álestri tækisins töluvert. Við álestur skal líta fram hjá útslagi vísisins sem virðist eiga óskýlt við hið almenna hljóðstig.

- 1.2.1.7 Tíminn sem líður frá því hljóðmerki er gefið uns hljóðið nær lágmarkinu sem mælt er fyrir um í lið 1.2.1.6 hér að framan skal ekki vera lengri en 0,2 sekúndur mældur við umhverfishita 20 ± 5 °C.

Þetta ákvæði gildir einkum um loftknúinn eða raf-loftknúinn búnað.

- 1.2.1.8 Loftknúinn eða raf-loftknúinn búnaður skal, þegar loftrásinni er komið fyrir í samræmi við lýsingu framleiðanda, hafa sömu hljóðeðlisfræðilegu afköst og rafstýrður hljóðmerkjabúnaður.

1.2.2 *Þolprófanir*

- 1.2.2.1 Veita skal einni af þeirri nafnspennu sem tilgreind er í lið 1.2.1.3 hér að framan á hljóðmerkjabúnaðinn gegnum leiðara með einni þeirri mótstöðu sem tilgreind er í lið 1.2.1.4 hér að framan og knýja búnaðinn 50 000 sinnum, í eina sekúndu hvert sinn með fjögurra sekúndna hléi á milli. Meðan á prófun stendur skal loftstraumur leika um búnaðinn á um það bil 10 m/s hraða.

- 1.2.2.2 Fari prófun fram í bergmálslausum klefa skal hann vera nægilega rúmur til að hiti sem búnaðurinn gefur frá sér meðan á þolprófun stendur dreifist eðlilega.

- 1.2.2.3 Umhverfishiti í prófunarrými skal vera milli +15 og +30 °C.

- 1.2.2.4 Hafi hljóðstig búnaðarins breyst eftir 25 000 gangsetningar miðað við hljóðstig fyrir prófun er heimilt að stilla búnaðinn. Búnaðurinn skal standast prófun sem lýst er í lið 1.2.1 hér að framan eftir 50 000 gangsetningar og frekari stillingar ef nauðsyn krefur.

1.2.3 *Hljóðeðlisfræðilegar prófanir*

- 1.2.3.1 Hljóðsvið búnaðarins, mælt í tveggja metra fjarlægð, skal sýna hærra hljóðstig en nokkur tíðni fyrir ofan 3 550 Hz á tíðnisviðinu 1 800 til 3 550 Hz og í engu tilviki lægra en 105 dB (A).

- 1.2.3.2 Hljóðmerkjabúnaður sem prófaður hefur verið samkvæmt lið 1.2.2 og tengdur spennu sem er milli 115% og 95% af nafnspennu hans skal fullnægja kröfum sem fram eru settar í lið 1.2.3.1 hér að framan.

- 1.2.3.3 Virk spenna skal vera sú sem mælt er fyrir um í lið 1.2.1 hér að ofan.

- 1.2.3.4 Mótstaða leiðaranna, þar með talin mótstaða rafhlaðna og tengja, skal vera sú sem mælt er fyrir um í lið 1.2.1 hér að ofan.

- 1.2.3.5 Bæði búnaðinn sem verið er að prófa og hljóðneminn skal staðsetja í sömu hæð. Hljóðneminn skal snúa beint að framhlið hljóðmerkjabúnaðarins í þá átt sem hljóðstigið sem er hæst.

- 1.2.3.6 Setja skal búnaðinn tryggilega upp á undirstöðu sem er að minnsta kosti tíu sinnum þyngri en búnaðurinn og í öllu falli ekki undir 30 kg og nota til þess einingu eða einingar frá framleiðanda.

- 1.2.3.7 Prófunina sem lýst er hér að ofan skal framkvæma í bergmálslausum klefa.

1.3 **Gerðarviðurkenningarprófanir**

- 1.3.1 Framkvæma skal gerðarviðurkenningarprófanir á tveimur sýnum af hverri gerð sem framleiðandi sendir til viðurkenningar. Bæði sýni skulu fá allar prófanir og samræmast tækniforskriftum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.

1.4 Gerðarviðurkenningarmerki

- 1.4.1 Gerðarviðurkenningarmerkið er gert úr réttþyrningi með bókstafnum „e“ innan í og þar á eftir einkennistölu landsins sem veitti viðurkenninguna (1 fyrir Þýskaland, 2 fyrir Frakkland, 3 fyrir Ítalíu, 4 fyrir Holland, 6 fyrir Belgíu og 12 fyrir Lúxemborg). Staðsetja skal gerðarviðurkenningarnúmer rétt við réttþyrninginn sem svarar til númeris viðurkenningarvottorðsins sem fyllt er út fyrir frumgerðina.
- 1.4.2 Viðurkenningarmerkið (tákn og tala) sem um getur hér að ofan skal vera á meginstykki hljóðmerkjabúnaðarins þannig að það sjáist greinilega utan frá eftir að hann hefur verið festur á ökutækið.
- 1.4.3 Merkin skulu vera læsileg og óafmáanleg.
- 1.4.4 Mál fyrir viðurkenningarmerkið sem teiknað er hér að neðan eru tilgreind í millímetrum. Um lágmarksmál er að ræða. Hlutföll milli mála skulu haldast óbreytt.

(¹)Tölurnar á myndinni eru einungis til leiðbeiningar.

2. EIGINLEIKAR HLJÓÐMERKJABÚNAÐAR SEM ÁFASTUR ER ÖKUTÆKINU

2.1 Hljóðeðlisfræðilegar prófanir

Þegar gerðarviðurkenning fer fram á ökutæki skal prófa eiginleika hljóðmerkjabúnaðar sem áfastur er þeirri gerð ökutækis á eftirfarandi hátt:

- 2.1.1 Mæla skal hljóðstig búnaðarins, þegar hann er áfastur ökutækinu, í 7 m fjarlægð frá framhlið ökutækisins á opnu svæði með eins sléttu yfirborði og kostur er. Hreyfill ökutækisins skal ekki vera í gangi. Virk spennan skal vera sú sama og mælt er fyrir um í lið 1.2.1 hér að framan.

- 2.1.2 Framkvæma skal mælingar á A-greiningarkvarða staðals Alþjóðlega raftækniráðsins.
- 2.1.3 Ákvarða skal hámarkshljóðstig í 0,5 til 1,5 m hæð yfir jörðu.
- 2.1.4 Fyrirnefnt hámark skal ekki vera undir 93 dB (A).

II. VIÐAUKI

GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Heiti lögbærs yfirvalds

**Tilkynning um viðurkenningu, synjun eða afturköllun
viðurkenningar gerðar hljóðmerkjabúnaðar**

..... Gerðarviðurkenningarnúmer:

1. Viðskiptaheiti eða merki

2. Gerð (raf-loftknúinn hljóðmerkjabúnaður, rafsegulknúinn hljóðmerkjabúnaður með þynnuhermi, rafsegulknúid bílhorn, o.s.frv.)

3. Nafn og heimilisfang framleiðanda

4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda, ef við á

5. Rafspenna volt

6. Nafntíðni/nafnhljóðstig Hz/kg/cm²(¹)

7. Fært til gerðarviðurkenningar þann

8. Prófunarstofa

9. Dagsetning og númer skýrslu prófunarstofu

10. Dagsetning viðurkenningar/synjunar/afturköllunar viðurkenningar(¹)

11. Staður

12. Dagsetning

13. Eftirfarandi gögn með viðurkenningarnúmerinu, sem sýnt er hér að framan, fylgja þessu viðurkenningarvottorði:
teikningar, skýringamyndir og skipulag hljóðmerkjabúnaðarins.

14. Athugasemdir

.....
Undirskrift

(¹)Strikið út það sem á ekki við.